

AUGLÝSING

um starfsreglur um vígslubiskupa.

„STARFSREGLUR um vígslubiskupa.

1. gr.

Biskupsdæmi Íslands skiptist í tvö vígslubiskupsumdæmi, Skálholtsumdæmi og Hólaumdæmi.

Umdæmi vígslubiskups í Skálholti nær yfir Skaftafells-, Rangárvalla-, Árness-, Kjalarness-, Reykjavíkur eystra-, Reykjavíkur vestra-, Borgarfjarðar-, Snæfellsness- og Dala- og Vestfjarðaprófastsdæmi.

Umdæmi vígslubiskups á Hólum nær yfir Húnavatns-, Skagafjarðar-, Eyjafjarðar- Þingeyjar-, Múla- og Austfjarðaprófastsdæmi.

2. gr.

Vígslubiskup starfar á grundvelli laga um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997. Í umboði biskups Íslands og eftir þeirri kirkjulegu skipan sem segir í lögum, reglugerðum og starfsreglum veitir vígslubiskup andlega leiðsögn og tilsjón innan kirkjunnar í umdæmi sínu, eflir kirkjulíf, vísiterar og annast sáttaumleitanir.

3. gr.

Vígslubiskup sá, sem eldri er að biskupsvígslu, gegnir störfum biskups Íslands í föllum samkvæmt 15. gr. laga nr. 78/1997.

4. gr.

Vígslubiskupi ber að starfrækja embætti sitt á grundvelli árlegrar fjárhagsáætlunar sem kirkjuráð samþykkir.

5. gr.

Vígslubiskupar bera ábyrgð á uppbyggingu biskupsstólanna eftir því umboði sem kirkjuráð veitir. Þeir eru kirkjuráði til stuðnings og samráðs í málefnum biskupsstólanna svo og öðrum kirkjulegum stjórnvöldum og koma fram í nafni staðanna og umdæmanna eftir því sem við á. Þeir bera ábyrgð á helgihaldi dómkirkna sinna í samráði við viðkomandi sóknarprest.

6. gr.

Vígslubiskup á sæti í kenningarnefnd, sbr. 14. gr. laga nr. 78/1997 og starfsreglur um kenningarnefnd.

Vígslubiskup situr biskupafund sem biskup Íslands boðar til, sbr. 19. gr. laga nr. 78/1997 og starfsreglur um biskupafund.

Vígslubiskup situr prestastefnu Íslands.

Vígslubiskup situr kirkjuþing með málfrelsi og tillögurétt, sbr. 21. gr. laga nr. 78/1997 og starfsreglur um kirkjuþing.

Vígslubiskup situr prófastafund, sbr. starfsreglur um prófaste.

Vígslubiskup situr að jafnaði einn fund kirkjuráðs á ári til þess að ræða málefni biskupsstólsins, sbr. starfsreglur um kirkjuráð.

Vígslubiskup sækir héraðsfundi í umdæminu eftir því sem við verður komið.

7. gr.

Vígslubiskup skal annast sáttaumleitanir í umdæmi sínu þegar embættismönnum, trúnaðarmönnum eða starfsmönnum kirkjunnar, launuðum jafnt og ólaunuðum, vígðum jafnt og leikum, hefur ekki tekist að jafna ágreining sín á milli og sættir hafa ekki tekist í meðförum prófats eða hann sagt sig frá málinu.

Vígslubiskup skal ljúka sáttaumleitan sinni innan tveggja vikna að jafnaði, enda sé mál hvorki á hendi annarra kirkjulegra aðila á þeim tíma né til meðferðar fyrir dómstólum. Vígslubiskupi er heimilt að kalla til aðstoðar fagfólk á sviði sem ágreiningsmál varðar. Vígslubiskup skilar biskupi Íslands skriflegu álitum ef sættir takast ekki.

8. gr.

Vígslubiskup veitir úrlausn í málum sem prófastar vísar til hans.

9. gr.

Vígslubiskup gegnir formennsku í valnefnd prestakalls og sinnir öðrum skyldum við val og veitingu prestsembætta sem greinir í starfsreglum um presta.

10. gr.

Vígslubiskup kemur að málefnum prestssetra skv. starfsreglum um Prestssetrasjóð.

11. gr.

Vígslubiskup er biskupi Íslands til aðstoðar um kirkjuleg málefni. Hann annast biskupsverk að ósk biskups Íslands og í umboði hans, svo sem að vígja presta, djákna, kirkjur og kapellur. Hann hefur í umboði biskups Íslands tilsjón með að stefnumörkun kirkjunnar sé framfylgt hvað varðar helgihald, boðun, fræðslu og kærleiksbjónustu kirkjunnar í umdæmi sínu. Vígslubiskup hefur tilsjón með starfsmannahaldi einkum hvað varðar handleiðslu, símenntun og sálgæslu presta og starfsmanna kirkjunnar í umdæminu og beitir sér í þeim efnum ef tilefni er til.

12. gr.

Vígslubiskup vísiterar prestaköll og söfnuði í umdæmi sínu eftir áætlun biskupafundar. Vísitasía vígslubiskups beinist einkum að innri þáttum kirkjulífs, hinni vígðu þjónustu, helgihaldi, boðun, sálgæslu og safnaðarstarfi.

13. gr.

Starfsreglur þessar, sem settar eru á grundvelli 15. gr., 16. gr., 18. gr., 19. gr. og 59. gr. laga um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997, öðlast gildi 1. janúar 2007. Jafnframt falla brott starfsreglur um vígslubiskupa nr. 820/2000 frá sama tíma.

Gjört í Reykjavík, 8. nóvember 2006.

Pétur Kr. Hafstein,
forseti kirkjuþings

Dagný Halla Tómasdóttir
þingskrifari“

Nr. 968

8. nóvember 2006

Starfsreglur þessar eru hér með kunngerðar almenningi.

Reykjavík, 8. nóvember 2006.

F.h. kirkjuráðs,

Karl Sigurbjörnsson, forseti kirkjuráðs.

B-deild – Útgáfud.: 24. nóvember 2006